

192

22. des.

REGLUGERÐ

um yfirvinnu starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim, er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmaeltum vikulegum vinnutíma.

Á laun fyrir yfirvinnu skal greitt 50—100% álag. Yfirvinnukaup skal ákveða með hliðsjón af föstum launum starfsmannsins, miðað við 1800 klst. árlegan vinnutíma.

Yfirvinnutaxtar skulu vera sem hér segir:

Starfsmenn er taka

laun samkvæmt	VII.	launafl. kr.	22.26	á klst.	auk	álags og verðlagsuppbótar.
—	VIII.	—	20.85	—	—	—
—	IX.	—	19.43	—	—	—
—	X.	—	18.20	—	—	—
—	XI.	—	16.78	—	—	—
—	XII.	—	15.81	—	—	—
—	XIII.	—	14.36	—	—	—
—	XIV.	—	12.89	—	—	—
—	XV.	—	11.45	—	—	—

Álag verður sem hér segir:

Á eftirvinnu (allt að 4 klst. á dag): 50%.

Á nætur- og helgidagavinnu: 100%.

Næturvinna telst frá kl. 21—8, en helgidagavinna frá kl. 17 á laugardögum.

Yfirvinna skal greidd í einu lagi eftir á fyrir hvern mánuð.

2. gr.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum reglum um yfirvinnu og yfirvinnukaup, þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur, og skal leita þar um tillagna BSRB.

3. gr.

Öll vafa- og ágreiningsatriði um framkvæmd reglugerðar þessarar skal leggja undir úrskurð nefndar þeirrar, sem skipuð er samkvæmt 25. gr. launalaganna.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, og öðlast gildi 1. jan. 1959. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 143 21. okt. 1958, um yfirvinnu starfsmanna ríkisins.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1958.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.